

Fundargerð aukaðalfundar Félags fornleifafræðinga

ReykjavíkurAkademíunni, Þórunnartúni 2, mánudaginn 30. mars 2015 kl. 17

Árman formaður hafði stuttan inngang um fundinn. Stjórn leggur til að Dr. Hildur Gestsdóttir verði fundarstjóri og að Albína Hulda Pálsdóttir riti fundargerð. Það er samþykkt móttakvæðalaust.

Hildur tekur við fundarstjórn.

Fundargerð:

1. Siðareglur félagsins.

Árman segir aðeins frá tildrögum þeirra draga sem liggja fyrir fundinum í dag en félagið er nú án siðareglna. Þetta á sér langan aðdraganda, hófst fyrir stofnun félagsins. Það komu fram margar athugasemdir við drögin sem lágu fyrir við stofnun félagsins og því var ákveðið að halda vinnu með þær áfram í siðanefnd nýs félags. Nokkrar greinar voru umorðaða, þeim skipt upp í þrjá kafla, inngang, almennar reglur og reglur sem snerta vettvangsvinnu. Reglurnar sem sendar voru út til félagsmanna voru tillögur siðanefndar.

Ávarp Ármanns Guðmundssonar formanns

Eins og staðan er núna er Félag fornleifafræðinga án siðareglna. Reglurnar hafa átt sér nokkuð langan aðdraganda. Við sameiningarvinnuna var ákveðið að reyna að steypa saman og vinna siðareglur beggja fagfélagana gömlu. Haldnir voru tveir fundir á tímabilinu í hvoru félagi fyrir sig þar sem sameiningarferlið var rætt m.a siðareglurnar. Drög að siðareglum voru því tilbúin fyrir stofnfundinn og til stóð að samþykkja þær þar en nokkuð margar athugasemdir voru gerðar við þau drög sem þá lágu fyrir og höfðu verið kynnt í ranni gömlu félaganna. Því var ákveðið að fresta málinu. Á umræddum stofnfundi voru Gavin Lucas og Kristján Mímisson kosnir til setu í siðanefnd félagsins. Siðanefndin hefur síðan unnið málið áfram. Nokkrar greinar voru ummorðaðar og siðareglunum skipt upp í þrjá megin kafla. Fyrst er inngangur, síðan almennar reglur og að síðustu reglur er snerta vettvangsvinnu. Þær reglur sem sendar voru út til félagsmanna með fundarboðinu eru því tillögur siðanefndar að siðareglum félagsins. Vil ég þakka þeim Gavin Lucas og Kristjáni Mímissyni fyrir faglega nálgun að málinu. Nú liggur semsagt fyrir að taka afstöðu til tillagna siðanefndar. Áður en lengra er haldið vil ég impra á því hversu mikilvægt það er fyrir okkur sem stétt að hafa siðareglur.

Hlutverk skráðra siðareglna er að leiðbeina fólki við rétta ákvörðunátöku í siðferðislegum álitamálum. Þær eru því tæki til þess að fólk geti staðið undir siðferðislegri ábyrgð sinni gagnvart samfélaginu. Í siðareglum er mikilvægt að fram komi megin hlutverk og hugsjón stéttarinnar, ásamt æskilegri hegðun og breytni. Emmfremur er mikilvægt fyrir okkur að átta okkur á því að siðareglur eru ekki meitlaðar í stein, ekki óhagganlegar, eftir því sem gildi samfélagsins breytast, breytast siðareglur. Því er eðlilegt að siðareglur séu endurskoðaðar og ræddar eins og þurfa þykir. Ekki ber að skilja orð mín þannig að við megum skýla okkur bakvið þá endurskoðun, þ.e að setta okkur við hvað sem er, þar sem það eigi hvort sem er eftir að endurskoða þær.

Málefnið er mjög mikilvægt að ég vona að við eigum eftir að eiga uppbyggilega og markvissar samræður hér á eftir varðandi tillögur siðanefndar. Þá gef ég fundarstjóra orðið.

Gavin sagði frá vinnu siðanefndar. Mestur partur vinnunnar farið fram áður. Byggt á sterkum grunni þeirra. Siðanefndin lagði mesta áherslu á að yfirfara reglurnar, taka út óþarfa endurtekningar og raða þeim í skynsamlega röð. Ákveði var að skipta þeim í þrennt, umgjörð, almennar reglur og reglur um vettvangsvinnu byggt á siðareglum the European Archaeologists Association. Reglurnar sem siðanefndin eru í inntaki mjög líkar reglum sem finnast hjá öðrum félögum í Bretlandi og Bandaríkjunum. Félagsmönnum sem ekki gátu mætt á fundinn gafst tækifæri til að senda inn athugasemdir og las fundarstjóri þær upp. Aðeins bárust athugasemdir frá Adolf Friðrikssyni sem sjá má hér fyrir neðan:

Mér sýnast reglurnar vera að fjarlægjast upprunalegt hlutverk. Þær eiga að vera stuttar, einfaldar, skýrar og algildar.

Tillögur að breytingum: Kippa út nöfnum stofnana (MSÍ, Þjms) og vísunum í tilfallandi gildandi reglugerð, en vísa almennt til þessara atriða, dæmi: Minjavarðslan, stjórnvöld, opinberar reglur o.s.v.fr.

Það þykir almennt góð regla við samningu laga og reglna fyrir frjáls félög að hafa sem minnst um skyldur annarra félaga eða stofnana.

Nöfn á stofnunum breytast og reglugerðir koma og fara. Eðlilegra væri að siðaskráin væri lýsing á prinsippum, ekki smáatriðum. Og helst þannig úr garði gerð að það þurfi ekki að samþykkja breytingar á henni í hvert sinn og reglugerð skiptir um númer.

Sama á við um skil gagna og gripa. Núverandi fyrirkomulag á eflaust eftir að breytast. Fornleifafræðingar utan MSI og Þjms hafa sumir hverjir sett sér strangari reglur um t.a.m. jarðfundna muni og varðveislu þeirra en þjms. Sá sjálfsprottni metnaður er tæpast siðbrot, en 15. greinin í reglunum þvingar fólk til að henda ómetanlegum rannsóknargögnum sbr grisjunarstefnu þjms.

Það er vafasamt að semja siðareglur sem biðja fólk um að fara að opinberum lögum og reglum, og fullkominn óþarfi að tunda það að auki í smáatriðum. Skortur á löghlýðni er ekki vandamál og þarf því ekki að reyna að leysa það. Íslenskir fornleifafræðingar eru nær undantekningarlaust heilsteypfir og löghlýðnir hvað sem, ákúrum, kærnum og blaðaumfjöllun um þær líður. Hlutverk siðareglna er að ná utan um það sem hin almenna löggjöf skilgreinir ekki. Höldum okkur við prinsippin góðu.

Umræður um athugasemdir Adolfs, Birna, Howell og stjórn taka undir athugasemdina með að taka út nöfn stofnanna og heiti á einstökum lögum. Rætt er um lengd reglnanna. Eftir stuttar umræður er ákveðið að fara í að samþykkja einstaka liði reglnanna hvern fyrir sig.

Breyting á inngangi samþykkt einróma. 1. gr. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Smávægilegar breytingar á samþykktar á 2. gr. með einu mótatkvæði. 3. gr. samþykkt án mótatkvæða. 4. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 5. gr. samþykkt án breytinga. 6. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 7. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 8. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með sjö atkvæðum, þrjú atkvæði voru greidd annarri breytingartillögu. 9. gr. samþykkt án breytinga með öllum greiddum atkvæðum. 10. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 11. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 12. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 13. gr. samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. 14. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 15. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 16. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. 17. gr. samþykkt með smávægilegum breytingum með öllum greiddum atkvæðum. Miklar umræður um 18. gr. rætt um nauðsyn þess að verklagsreglur séu settar fyrir siðanefndina ef svona grein er í siðareglunum. Eftir nokkrar umræður var kosið um regluna og hún felld með öllum greiddum atkvæðum. Fundargestir klöppuðu fyrir nýsamþykktum siðareglum Félags fornleifafræðinga.

2. Ólafía, kosning ritstjóra og ritnefndar ásamt þema fyrir næsta hefti.

Ármann kynnir stöðu málsins, ein hugmynd er komin að þema fyrir næsta hefti. Howell Roberts kynnir þá hugmynd sem hann hefur lagt fram. Í haust verður haldið þriggja daga “workshop” á vegum FSÍ, University Museum í Bergen og Arkeologisk Museum í Stavanger – styrkt af Norsk Kulturråd. Íslenskir og norskir fornleifafræðingar kynna þar niðurstöður úr nýjum kumlarannsóknnum frá undarförnum áratug, um 20 uppgreftir, meðal þátttakenda verða Neil Price og Collen Batey. Hluti af tilgangnum með þessari vinnustofu er að hægt sé að gefa allar þessar rannsóknir út í einu hefti. Howell leggur til að Adolf Friðriksson ritstýri, í ritnefnd yrðu Howell, Morten Ramstad UiB og mögulega Neil Price. Prentuð yrðu 500 eintök sem færu í alþjóðlega dreifingu en heildarlengd yrði um 200 bls. Rætt er hvernig útgáfa á ensku geti fallið að markmiði Ólafíu að skapa hefð fyrir íslenskri hugtaka notkun. Tillaga að útdrættir yrðu líka á íslensku og til dæmis væri hægt að velja eina grein til þýðingar, eða fá ítarlega grein frá ritstjóra á íslensku líkt og í t.d. Hofstaðabókinni. Þetta efni væri líka hægt að hafa á norsku.

Varðandi fjármögnun þá er tryggt fjármagn frá útgáfusjóði Ólafíu, af styrknum og frá ýmsum stofnunum.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. Önnur mál

Ármann: Einn félagi hefur sótt um að verða aðalfélagi, Viktoría Halldórsdóttir. Hún var samþykkt sem aðalfélagi með lófataki.

Ásta Hermannsdóttir leggur til að 18. grein verði send til siðanefndar til frekari vinnslu og að samdar verði verklagsreglur vegna erinda. Tillögur siðanefndar yrðu svo

teknar til umfjöllunar á næsta aðalfundi. Samþykkt var með meirihluta atkvæða að fara að tillögu Ástu.

Fundargerð ritaði Albína Hulda Pálsdóttir.